

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. október 2022
UST202209-250/B.S.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - náma í Almennaskarði. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfisstofnun er kunnugt um að efnistaka hófst þarna þegar unnið var við gerð Almennaskarðsganga án þess að efnistakan fengi formlega meðferð.

Bent skal á að þessi náma er, á heimasíðunni namur.is, tekin sem dæmi um efnistöku í skriðu sem er til lýta og þeir aðilar sem að heimasíðunni standa telja að ekki eigi að fara í efnistöku í skriðum og alls ekki eins og hér hefur verið gert. Þessir aðilar eru auk Umhverfisstofnunar, Landsvirkjun og Vegagerðin.

Umhverfisstofnun vill benda á að fallegar og litríkar skriður setja einstaklega glæsilegan svip á landslagið á þessu svæði. Því ætti ekki að taka efni úr þessum skriðum sem mun verða til lýta um alla framtíð. Umhverfisstofnun bendir á að hér er um að ræða framkvæmd sem er óafturkræf og möguleikar um mótvægisáðgerðir eru fáir sem engir.

Umhverfisstofnun telur að hér sé um framkvæmd að ræða sem mun hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og ætti að leita allra leiða til að hindra frekari spjöll á þessum stað.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur